

Skólanámskrá Seljakots

Rángársel 15

109 Reykjavík

Sími: 557 2350

seljakot@leikskolar.rvk.is

Sigríður Kristín Jónsdóttir

Reykjavík 2005

Inngangur	3
Seljakot	3
Uppeldisstefna Seljakots	4
Frumkvæði – Sköpun - Tjáning	4
Sjónrænt uppeldi	4
Einstaklingurinn mikilvægur	5
Reynslan mikilvæg	5
Kenning – starf – leiðir	5
Hópastarf - Þemahringurinn	6
Námskrá elstu barnanna	7
Hljóm	8
Tölvur	8
Námssvið Seljakots	8
Málrækt	9
Menning og samfélag	9
Hefðir og hátíðir	10
Náttúra og umhverfi	12
Myndsköpun	12
Hreyfing	13
Tónlist	13
Lífsleikni	14
Leikurinn	15
Val	15
Könnunarleikur - Börnin í Seli	15
Daglegt líf/ dagskipulag	16
Heiltæk skólastefna	19
Börn af erlendum uppruna	19
Foreldrasamstarf	20
Samstarf starfsfólk	22
Tengsl við aðrar stofnanir	23
Matsaðferðir	25
Ýmsar ábendingar til foreldra	26

Inngangur

Leikskólar í Reykjavík starfa samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 1994 og reglugerð við þau lög frá 1995. Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og í samræmi við það var gefin út Aðalnámsskrá leikskóla árið 1999 sem er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum. Það er markmið og leiðarljós Menntasviðs Reykjavíkur að í leikskólum borgarinnar sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum, byggt upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra og í leikskólunum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk. Menntasvið Reykjavíkur leggur áherslu á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta sína uppeldisstefnu í samráði við foreldra og börn. Stefnan skal byggja á sameiginlegri hugmyndafræði starfsfólks og ytri aðstæðum hvers leikskóla.

Seljakot

Leikskólinn Seljakot tók til starfa 10. september 1996. Áður hafði verið starfrækt skólalagheimili í húsnæðinu og fundaraðstaða fyrir aðra leikskóla í Breiðholti. Fyrstu árin voru þrjátíu og tvö börn samtímis í leikskólanum, en í febrúar árið 2000 var nýbygging við leikskólann tekinn í notkun Þá fjölgaði börnunum og eru núna fimmtíu og átta samtímis. Flest börnin dvelja allan daginn í leikskólanum. Deildirnar eru þrjár og heita Kot, Ból og Sel. Haustið 2004 var gerð tilraun með að aldurskipta deildunum og hefur það gefið góða raun. Helstu kostir að mati starfsmanna eru þeir að börnin geta valið fleiri félaga á sínum aldri og að starfið á hverri deild verður þroskamiðaðra og auðveldara í allri skipulagningu. Í Seli er yngsti hópurinn, í Koti er miðju hópurinn og í Bóli eru elstu börnin.

Leikskólinn Seljakot

Rangársel 15, 109 Reykjavík

Sími: 557 2350

Netfang: seljakot@leikskolar.rvk.is

Uppeldisstefna Seljakots

Frumkvæði – Sköpun - Tjáning

Uppeldisstefna Seljakots byggist á skapandi starfi þar sem horft er til hugmyndafræði Reggio Emilia á Norður Ítalíu. Aðalfrumkvöðull stefnunnar er Loris Malaguzzi. Megininntak hennar í stuttu máli er að hvetja börnin til að nota öll sín skilningarvit og vinna markvisst að því að virkja frumlega, skapandi og gagnrýna hugsun barnanna. Lögð er áhersla á takmarkalaust traust og virðingu á getu þeirra til að afla reynslu og þekkingar á eigin forsendum, en ekki á forsendum og væntingum hinna fullorðnu. Mikilvægt er að aðlaga stefnuna að okkar menningu og því samfélagi sem við lifum í.

Ljóð Loris Malaguzzi

Barn hefur hundrað mál
en frá því eru tekin níutíu og níu.
Skóli og menning
skilja höfuðið frá líkamanum.
Við neyðumst til að hugsa án líkama
og starfa án höfuðs.
Leikurinn og vinnan
veruleikinn og ímyndunaraflið
vísindi og hugarheimar
eru gerð að andstæðum.
(þýðandi: Aðalsteinn Davíðsson)

Sjónrænt uppeldi

Mikil áhersla er lögð á sjónrænt uppeldi, sem er andstætt því að börnin séu einungis viðtakendur. Börnunum er kennt að skilgreina hlutina og sjá þá þannig frá mörgum sjónarhornum. Markviss þjálfun sjónar er mikilvæg í uppeldinu, því hún leiðir til lifandi og skapandi hugsunar. Teikning er tæki til að þjálfa hug og hönd, örva hugmyndaflugið og athyglisgáfuna. Börnin þurfa að fá verkefni til þess að vinna úr, festa í minni reynslu sína og æfa sig í að tjá sig á einhverjum málunum sínum hundrað. Þekking sem byggir á eigin reynslu eykur mótstöðuafli barnanna gegn

stöðluðum ímyndum og hugmyndum. Með alhliða þjálfun skynjunar og tilfinninga eykst sjálfsvitund og trú á eigin getu. Sköpunargáfan er ekki eingöngu guðsgjöf heldur þarf að hlúa að henni og skapa henni farveg.

Einstaklingurinn mikilvægur

Malaguzzi sagði að maðurinn yrði að kynnast sjálfum sér til þess að geta orðið öðrum kunnur. Barnið verður að skapa sér andlit, líkama, látbragð, hreyfingar, mál, hugsun, þ.e.a.s. vitneskjuna um að vera til „sjálfsvitund“. Börnin móta sjálfsmynd sína af umhverfinu og því er mikilvægt að hafa góð samskipti. Gæði samskiptanna er lykill að góðu starfi. Mikilvægt er að gefa börnunum tíma til umræðna, hlusta og setja sig inn í hugarheim þeirra. Þannig getum við lært af börnunum, hvað þau eru að hugsa og uppgötva. Með samskiptum sem byggja á gagnkvæmri virðingu og trú á hæfileikum barnsins getur hinn fullorðni stutt barnið í þekkingarleit sinni.

Reynslan mikilvæg

Malaguzzi lagði áherslu á að allur fjársjóður heimsins byggi í hversdagsleikanum því lífið sjálft samanstæði af svo mörgum hversdagslegum atburðum. Galdurinn felst í því að gefa sér tækifæri og tíma til að uppgötva, sjá og skynja. Mikilvægt er að barnið fái tækifæri til að þroska öll sín skilningarvit „öll sín mál“ s.s. forvitni, ímyndunarafl, skynjun, sköpun. o.s.frv. Með hjálp allra skilningarvitanna öðlast barnið reynslu, það finnur, skilur og túlkar.

Kenning – starf – leiðir

Sú leið sem farin hefur verið til að útfæra kenninguna er þemavinna. Þemað sjálft er ekki aðalatriðið heldur þær fjölmörgu leiðir sem farnar eru að því. Þemavinnan nær yfir langan tíma svo tækifæri gefist til að fara ítarlega yfir efnið, rannsaka og upplifa viðfangsefnið á fjölbreyttan hátt. Börnin eru örvuð í að skilgreina hlutina frá mörgum sjónarhornum, t.d. skoða hlutina með stækkunargleri, myndvarpa og rannsaka hvert smáatriði. Þegar barnið þjálfast í að sjá hluti frá mörgum sjónarhornum verður það spurult og gagnrýnið. Þannig eykst því þekking og þroski. Mikilvægt er að gefa

barninu tíma, rými og leyfa því að leita svara. Í þemavinnunni notum við ákveðna vinnuaðferð, þ.e.a.s. sköpunarferli eða þemahring. Sú aðferð er byggð á reynslu og forsendum barnanna þar sem hugmyndir verða að veruleika. Í allri sköpun er nauðsynlegt að beita gagnrýnni hugsun því hún stuðlar að aukinni víðsýni og þekkingu. Aðferð sem gagnrýnin hugsun byggir á er að velta hlutunum fyrir sér, kryfja þá til mergjar og reyna að sjá sem flest sjónarhorn. Tæknivæðing og þjóðfélagsbreytingar eru það örar að hætta er á að börn og fullorðnir falli í þá gryfju að vera einungis neytendur að lífsins gæðum. Til þess að geta haft áhrif á samfélagið og breytt því, þurfum við gagnrýna, heilsteypta og skapandi einstaklinga. Leikskólinn á að vera hvetjandi samfélag sem örvar hugrekki og forvitni barnanna og sem virðir hugmyndir og verk.

Með því að taka ljósmyndir, skrá niður hugmyndir þeirra, samtöl og vangaveltur gerum við vinnu þeirra sýnilega fyrir alla, börn, starfsfólk og foreldra. Hvert barn á sína persónulega möppu þar sem haldið er til haga teikningum, hugmyndum og ljóðum.

Þemavinnuna nálgumst við í hópastarfi og einnig í öllu daglegu starfi. Í þemavinnunni tökum við sem flesta skapandi þætti inn í vinnuna, leikræna tjáningu, tónlist, myndmennt, framsögn og hreyfingu.

Áhersluþættir:

- Að örva skapandi og frumlega hugsun.
- Að börnin fái tækifæri til að tjá tilfinningar og hugsanir meðal jafningja.
- Að börnin fái að njóta bernsku sinnar á eigin forsendum.
- Að stuðla að jákvæðum samskiptum í öllu daglegu starfi í leikskólanum.

Hópastarf - Þemahringurinn

Hópastarf er samheiti yfir skipulagða verkefnavinnu í leikskólanum.

Börnin fara 2-3 sinnum í viku í skipulagt hópastarf, þar sem sami starfsmaðurinn er með sinn hóp allan veturinn. Börnunum er skipt í aldurshreina hópa og eru 5-9 börn í hverjum hópi og er starfið með þeim útfært eftir aldri og þroska þeirra. Í litlum hópi gefst gott tækifæri til að tala saman og hlusta hvert á annað. Börnin verða öruggari, það hjálpar þeim að vinna úr eigin reynslu og skilja tilfinningar sínar og annarra meðal jafningja.

Heilsast – byrjum alltaf eins, höldumst í hendur og heilsumst á marga vegu.

Vinaval – hvert barn á sinn félag og vinna þeir saman að ákveðnum verkefnum og veita hver öðrum stuðning.

Upphitun – hrista hópinn saman með því að fara í leiki, syngja, fara í leikræna tjáningu og allt sem til fellur í tengslum við þemavinnuna. Í upphituninni felst að rannsaka og upplifa.

Tilraun – gera tilraun með efniviðinn sem við ætlum að nota.

Aðalæfing – börnin fá skilaboð hvað þau eiga að gera, en þau útfæra verkefnið út frá eigin getu og reynslu. Verkefnin geta verið margvísleg s.s. ljóð, sögur og fjölbreytt myndverk.

Framsögn – hvert barn segir frá sínu verki eða sinni upplifun og hinir hlusta á.

Kveðja – kveðjumst líkt og gert var í upphafi.

Námskrá elstu barnanna

Leikskólum Reykjavíkurborgar er ætlað að gera afmarkaða námskrá fimm ára barna. Í henni á leikurinn að vera aðalnámsleið barnsins og áhersla lögð á félags- og samskiptahæfni, hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu og samfélag. Seljakot hefur nú þegar unnið með elstu börnunum samkvæmt þessum námssviðum. Námsleið fimm ára barna er hluti af heildarstarfsemi leikskólans. Í starfi með fimm ára börnunum eru markmið og leiðir þær sömu og í starfi yngri barnanna. Í starfi elstu barnanna er þó krafist meiri einbeitingar, færni og markvissari vinnubragða, t.d. í skipulögðu starfi. Auk þess eru verkefnin flóknari og fjölbreyttari.

Á undanförunum árum hafa viðhorf skólafólks og foreldra til samstarfs leik- og grunnskóla styrkst til muna. Samstarf grunn- og leikskóla í Seljahverfi á sér langa

sögu. Á vorönn fara fimm ára börnin í þrjár skipulagðar heimsóknir í sinn grunnskóla, tvær fyrri heimsóknirnar eru farnar á vegum leikskólans, en sú þriðja og síðasta sjá foreldrar barnanna um. Að auki fylgir börnunum heftið *Gengið yfir brúna* yfir í grunnskólann. *Gengið yfir brúna* á að stuðla að því að betur sé hægt að koma til móts við barnið á þess eigin forsendum og byggja þar ofan á.

Áhersluþættir:

- Að efla samvinnu og hópkennd.
- Að geta tjáð sig og sagt frá sjálfum sér.
- Að barnið sýni sjálfstæði í hugsun og framkvæmd verkefna.

Hljóm

Hljóm er lagt fyrir öll elstu börnin í október og aftur að vori fyrir þau sem ekki koma nógu vel út í október. Foreldrar eru kallaðir til í nóvember til að fara yfir niðurstöður. Hljóm er tæki til að kanna hljóðkerfisvitund hjá börnum áður en þau hefja grunnskólagöngu. Góður málproski, þar á meðal góð hljóðkerfisvitund, eykur líkur á farsælu lestrarnámi.

Tölvur

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að tölvur eigi að vera í leikskólum, að barn í leikskóla þurfi að kynnast tölvu og læra að nota hana á sinn hátt. Nú er svo komið að ein ný tölva er komin í Seljakot sem ætluð er börnunum. Tölvan er í Bóli þar sem elstu börnin eru. Tölvan er viðbót við annan sjálfsagðan efnivið í leikskólanum, hún er notuð til fræðslu, leikja og samskipta.. Stefna Menntasviðs er að bæta enn fleiri tölvum inn í leikskólana með nettengingu.

Námssvið Seljakots

Námssvið leikskóla eru málrækt, menning og samfélag, náttúra og umhverfi, hreyfing, tónlist, myndsköpun og lífsleikni. Minna skal á að námssvið leikskólans skarast og allir uppeldisþættir eru samofnir og verka meira og minna hverjir á aðra í öllu daglegu starfi í leikskólanum. Áhersla er lögð á að tengja námsþættina þemavinnunni.

Málrækt

Máltaka barnsins hefst strax eftir fæðingu og á fyrstu æviárunum er lagður grunnur að málþroska þeirra. Málörvun gengur eins og rauður þráður í gegnum uppeldisstarfið og fléttast inn í leik og starf barnsins. Börnin eru hvött til að segja frá því sem þeim er hugleikið og mikilvægt er að hlusta af athygli á það sem þau eru að segja. Nauðsynlegt er að sérhvert barn fái tækifæri til að leggja eitthvað til málanna. Í umræðum við börnin eru notaðar opnar spurningar og þeim er gefin tími til að hugsa og svara, en það krefst íhugunar og örvar gagnrýna hugsun. Opnar spurningar byrja t.d. á, hvað, hvernig, hvers vegna?

Bækur eru ómissandi hluti í daglegu umhverfi barnanna, bæði til málörvunar og til að miðla fróðleik. Lögð er áhersla á lestur bóka sem hæfir aldri þeirra, þroska og einnig að börnin ræði og endursegi söguna.

Í öllu daglegu starfi eru notuð hugtök sem tengjast stað, stærð og tíma. Þarft er að vekja áhuga og athygli barnsins á skiptingu tíma í klukkustundir, daga, mánuði, ár og árstíðir.

Áhersluþættir:

- Að barnið geti tjáð sig eðlilega.
- Að starfsmenn tali góða íslensku.
- Að stuðla að jákvæðu og gefandi umhverfi.
- Að barnið læri ýmis hugtök í leik og starfi.
- Að hafa bækur aðgengilegar og sýnilegar börnunum.

Menning og samfélag

Börn kynnast smám saman því samfélagi sem þau lifa í, menningu þess og hefðum. Þau fá snemma áhuga á umhverfi sínu og því sem þar fer fram. Áhuga þeirra og eftirtekt ber að efla og víkka með skoðunarferðum í nágrenni leikskólans, með margvíslegum vettvangsferðum. Einnig með því að viðhalda hefðum og hátíðum í samfélaginu.

Einstaklingurinn er mikilvægur. Börnin móta sjálfsmynd sína af umhverfinu, þau búa við mismunandi uppeldisskilyrði sem ber að taka tillit til í leikskólastarfinu.

Mikilvægt er því að efla tilfinningu barnsins fyrir því að það tilheyrir samfélaginu og sé hluti af því.

Áhersluþættir:

- Að víkka sjóndeildarhring barnanna.
- Að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu.
- Að börnin kynnist menningunni í samfélaginu.

Hefðir og hátíðir.

Í íslensku þjóðfélagi eru ýmsar hátíðir og hefðir haldnar sem eðlilegt og sjálfsagt er að börnin í leikskólanum kynnist. Til að efla þjóðarvitund barnanna tengjum við þessa þætti inn í leikskólastarfið. Þennan menningararf þarf leikskólinn að styðja við og börnin að læra að virða. Í leikskólanum eru jafnframt sérstakar hefðir ríkjandi sem gefa tilefni til að halda hátíð.

1. des.

Umræða og fræðsla um íslenska fánann og sungin eru ættjarðarlög. Þjóðlegur matur er hafður á borðum og fáninn er dreginn að húni.

Aðventan

Aðaláhersla á aðventunni er að skapa rólega og notalega stemmingu. Hefðbundið hópastarf fellur niður þennan mánuð. Stundarskráin er brotin upp og við tekur jólaundirbúningur.

- hefð er fyrir því að byrja jólaundirbúninginn á því að fá til okkar leiksýningu.
- við setjum upp jólaverkstæði í desember og börnin velja sér viðfangsefni tengt jólunum.
- elstu börnin heimsækja Árbæjarsafn. Fjallað er um jólin í gamla daga. Farið er með börnin í gamla býlið Árbæ og torfkirkju safnsins.
- aðventukaffi er í desember í Seljakoti, þá bjóða börn og starfsfólk foreldrum upp á smá veitingar og börnin syngja jólalög.
- við gerum Seljakot að kaffihúsi.
- við sækjum kirkju á aðventunni ásamt öðrum leikskólum hverfisins. Elstu börn leikskólanna skiptast á að leika helgileik, en hin sameinast í kór.

- við höldum jólaball fyrir börn og starfsfólk. Þá er að sjálfsögðu von á jólasveininum í heimsókn.
- Seljasafn og Tónlistarskóli Eddu Borg eru með dagskrá í desember sem við tökum þátt í eftir því sem tími gefst til.
- á þrettándanum eru sungin álfalög og við dönsum út jólin.

Þorrinn

Í kringum bóndadaginn eru börnum og starfsfólki boðið upp á þorramat.

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur bera sinn ákveðna svip. Á bollu- og sprengidag gæðum við okkur á þjóðlegum réttum sem tengjast þessum dögum. Á öskudaginn höldum við grímuball og sláum köttinn úr tunnunni. Þennan dag er hefð fyrir því að starfsfólkið í Seljakoti troði upp með leiksýningu við mikinn fögnuð áhorfenda sem að sjálfsögðu eru börnin í leikskólanum.

Opið hús

Laugardag að vori verður „Opið hús“ í Seljakoti ásamt hinum leikskólunum í hverfinu. Þá eru fjölskyldum barnanna og íbúum í hverfinu boðið að koma og kynnst leikskólastarfinu og skoða afrakstur vetrarstarfsins.

Sumarhátíð í Seljakoti

Við tökum forskot á þjóðhátíðina. Síðasta virka dag fyrir 17. júní fara öll leikskólabörnin í hverfinu í skruðgöngu með lúðrasveit í broddi fylkingar. Gangan endar fyrir framan Seljahlíð þar sem sungin eru nokkur lög fyrir heimilisfólkið. Á eftir förum við í garðinn okkar sem við erum búin að skreyta í tilefni dagsins og höldum sumarhátíð með okkar lagi, grillum pylsur, förum í leiki og skemmtum okkur saman, börn, starfsfólk og foreldrar.

Útskrift elstu barnanna

Að vori útskrifast elstu börnin úr leikskólanum. Þau bjóða foreldrum sínum og jafnvel afa og ömmu í leikskólann. Börnin sýna og segja frá verkum sínum sem unnin voru í tengslum við þema vetrarins. Þau syngja nokkur lög og bjóða upp á veitingar. Markmiðið er að eiga gleðistund í lok leikskóladvalarinnar.

Vorferð

Það er venja í Seljakoti að fara í dagsferð með börnin þegar hlýna tekur og sól hækkar á lofti. Þessi ferð hefur verið farin í samvinnu við foreldrafélagið. Vorferðin er eingöngu fyrir leikskólabörnin, foreldra þeirra og starfsmenn leikskólans.

Afmæli

Á afmældaginn er barnið í hávegum haft, það fær afmæliskórónu, tekur eru myndir af því og þær hengdar upp. Barnið má koma með veitingar til að bjóða upp á. Okkur finnst mikilvægt að stilla sætindum í hóf og mælum með íspinnum(ekki frostpinnum) og poppi.

Náttúra og umhverfi

Rannsóknir og vettvangsferðir eru farnar til að kynna börnunum fjölbreytileika náttúrunnar. Mikilvægt er að börnin fái að kynnast nánasta umhverfi leikskólans sem er ákaflega fjölbreytilegt með rennandi vatni, trjám og gróðri sem býður upp á ótal möguleika. Börnin fá að rannsaka, upplifa og snerta, en þannig örva þau forvitni og ímyndunarafl í þekkingarleit sinni.

Áhersluþættir:

- Að börnin þekki nánasta umhverfi sitt.
- Að börnin fái tækifæri til að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar.
- Að börnin læri að vernda umhverfið og bera virðingu fyrir náttúrunni.
- Að börnin geri sér grein fyrir árstíðarskiptum og veðurfari.

Myndsköpun

Frjáls og skapandi myndsköpun er ríkur þáttur í starfi leikskólans og teljum við myndsköpun vera mikilvægan tjáningarmiðil. Börnin eru hvött til að nota öll sín hundrað mál s.s. forvitni, ímyndunarafl, skynjun, sköpun o.s.frv. Börn eiga auðvelt með að tjá tilfinningar sínar í myndsköpun og þar kemur fram það markverðasta í reynslu þeirra og það sem þeim er efst í huga. Það er mikilvægt að starfsmenn séu vakandi fyrir tækifærum í umhverfinu sem getur orðið kveikja í myndverkum þeirra.

Börnin hafa greiðan aðgang að ýmis konar efni, kynnast eðli þeirra og hafa tækifæri til að gera tilraunir. Í sköpunarferlinu þroskar barnið með sér einbeitingu og þjálfast í því að leysa flóknari verkefni. Sköpunarferlið sjálft er afar mikilvægur þáttur í alhliða þroska barna.

„Að drepa ímyndunaraflið í bernsku er að gera barnið að þræl þess sem er, skepnu sem er tjóðruð við jörðina og er þess vegna ófær um að skapa sér himin“.

Páll Skúlason 1990:130

Áhersluþættir:

- Að börnin kynnist mismunandi efni og efniviði.
- Að börnin fái að njóta sín í myndsköpun á sínum eigin forsendum.
- Að vekja áhuga og forvitni barnanna.
- Að börnin fái útrás fyrir sköpunarþörf sína, tjái tilfinningar sínar og upplifanir.

Hreyfing

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskólanum leggjum við áherslu á að börnin fái útrás fyrir hreyfiþörf sína og sköpunarmátt. Hreyfing er hluti af hinu daglega lífi leikskólans og börn fá næg tækifæri til hreyfingar í útivist og í vettvangsferðum. Auk þess fara börnin í skipulagðar göngferðir um nánasta umhverfi leikskólans. Í allri hreyfingu öðlast barn skilning á styrk sínum og samhæfingu og sjálfstraust þess vex.

Áhersluþættir

- Að efla almennan hreyfiþroska hvers og eins.
- Að efla úthald og þol.
- Að börnin upplifi gleði og ánægju við að hreyfa sig.
- Að fylgjast með hreyfingu barnsins og meta framfarir þess og þroska.

Tónlist

Leikskólaárin eru talin sérstakt næmiskeið fyrir söng- og tónlistarþroska barna. Börn syngja, söngla, hjala og raula af einskærri ánægju og lífsgleði þegar þau eru í leik. Því er mikilvægt að veita þessum sjálfssprottna söng og söngli barna örvun og eftirtekt. Helstu þættir í tónlistariðkun barnanna í Seljakoti eru söngur, hreyfing,

hlustun og leikur með hljóðgjafa. Taktur og hrynjandi eru undirstaða sérhvers máls og því er mikilvægt að börnin fái að klappa taktinn.

Það er mikið sungið á öllum deildum í Seljakoti, en að auki hittast allir tvisvar sinnum í mánuði í sal og syngja saman. Í þessum sameiginlegu söngstundum skiptast deildirnar á að stjórna söngnum.

Í Seljakoti leggjum við áherslu á fjölbreytt lagaval og syngjum bæði hefðbundin leikskólalög, kvæði, ljóð og dægurlög, sem þau læra í samverustundum og í hópastarfi. Börnin læra söngva, texta og hreyfingar við lögin.

Áhersluþættir:

- Að barnið geti notið tónlistar og upplifað hana í gegnum söng, hljóðfæraleik, hlustun og hreyfingu.
- Að barnið þjálfí með sér einbeitingu með því að hlusta.
- Að öll börn fái tækifæri til að tjá sig í gegnum tónlist á eigin forsendum og styrki þannig sjálfsmynd sína.
- Að barnið þroski með sér takt og hrynjanda.

Lífsleikni

Lífsleikni byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Lögð er áhersla á að efla lífsleiknina í öllu daglegu starfi sem og í hópastarfi, þar sem börnin fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar meðal jafningja og njóta félagsskapar í hóp, undir handleiðslu kennarans. Börnin fá tækifæri til að vera þau sjálf og upplifa umhverfi sitt á sínum eigin forsendum. Það að fá að upplifa t.d. í gegnum sköpun og tjáningu styrkir alhliða þroska þeirra og gerir þau hæfari í samskiptum. Mikilvægt er að hafa fáar en skýrar reglur til að auðvelda öll samskipti sem börnin læra að virða og fara eftir. Styðja þarf börn í að virða settar reglur og gefa þeim kost á að leysa úr eigin málum og deilum á friðsamlegan hátt.

Áhersluþættir:

- Að kenna barninu að bera virðingu fyrir sjálfu sér, öðrum og umhverfi sínu.
- Að hvetja börnin til að tjá tilfinningar sínar og að leysa deilur á friðsamlegan hátt.
- Efla sjálfstraust og trú á eigin getu.

- Að beita rökréttri hugsun, spyrja spurninga og leita svara.

Leikurinn

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, lífstjáning og gleðigjafi barns. Frjáls og sjálfssprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns. Mikilvægt er að börn fái að njóta bernsku sinnar í leik á eigin forsendum. Þau tjá lífsreynslu og upplifun gegnum leikinn.

Leikur mótast af þroska barnsins, bakgrunni þess og uppeldisumhverfi. Hann endurspeglar reynsluheim barnsins, þá menningu og samfélag sem það býr í. Í leik rifjar barnið upp það sem það hefur séð, heyrt og upplifað. Barnið lætur ímyndunaraflið ráða ferðinni, umbreytir persónum og atburðum eftir skilningi sínum og tilfinningum. Spuninn í leiknum þróast oft í samráði við leikfélagana.

Börn þurfa vandaðan og fjölbreyttan efnivið til leiks og starfa, svo sköpunargleði og ímyndunarafl fái að njóta sín. Því er mikilvægt að hafa efnivið sem ýtir undir sköpun og sjálfssprottinn leik. Þar má t.d. nefna kubba, pappír, liti, perlur, gömul föt, dúka, teppi og efni úr náttúrunni eins og einnig steina, greinar, köngla og fl.

Val

Val er einskonar rammi utan um frjálsa leikinn. Valið er myndrænt þannig að starfsfólk og börn eiga auðveldara með að átta sig á hvað er í boði hverju sinni. Með því að skipta börnunum niður á svæði skapast meira næði og rólegheit í leiknum og það hjálpar starfsfólkinu að hafa betri yfirsýn.

Í Seljakoti miðast starf leikskólans við leikinn, hvort heldur um er að ræða skipulagt eða óskipulagt starf. Hlutverk starfsfólks er að hlúa vel að samskiptum barna og vera til staðar ef á þarf að halda.

Könnunarleikur - Börnin í Seli

Í könnunarleiknum eru börnin rannsakendur og skoða viðfangsefni sem hafa margar lausnir. Elinor Goldschmied þróaði könnunarleikinn sem byggir á margra ára reynslu við kennslu yngri barna.

Börnunum er skipt í hópa og hver hópur fær 30-60 mín í viku til þess að kanna viðfangsefnin. Viðfangsefnin eru verðlaus efniviður sem notaður er á flestum

heimilum, t.d. áldósur, keðjur, lykjar, eggjabakkar og plastílát. Þetta gefur börnunum tækifæri á því að handfjatra og rannsaka efnivið sem þau hafa jafnvel séð aðra nota en ekki fengið sjálf að fást við. Hlutverk kennarans er að fylgjast með og styðja börnin í að leyta lausna á eigin forsendum.

Áhersluþættir:

- Að efla einbeitingu barnana
- Að efla sjálftraust og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Að börnin læri að leysa úr deilum á eigin forsendum
- Að börnin þjálfist í að finna lausnir

Daglegt líf/ dagskipulag

Seljakot hefur sett upp stundarskrá sem er okkar útfærsla til að ná þeim markmiðum sem leikskólinn hefur sett sér, með þau námssvið og markmið að leiðarljósi sem fram koma í Aðalnámskrá Leikskóla.

Stundarskrá á að sníða að þörfum barna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahópsins, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
07:30-08:00		Móttaka í Koti			
08:00-08:30	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur
08:30-09:00	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
09:00-10:00	Leikstund	Leikstund	Leikstund	Leikstund	Leikstund
10:00-11:00	Hópastarf/leikstund	Hópastarf/leikstund	Hópastarf/leikstund	Hópastarf/leikstund	Hópastarf/leikst.
11:00-12:00	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera

12:00-12:30	M	A	T	U	R
12:30-13:00	Hvíld	Hvíld	Hvíld	Hvíld	Hvíld
13:00-14:50	Útivera/hópastarf	Útivera/hópastarf	Útivera/hópastarf	Útivera/hópastarf	Útivera/hópastarf
14:50-15:20	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing
15:20-15:40	Samverustund	Samverustund	Samverustund	Samverustund	Samverustund
15:40-17:00	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur
17:00-17:30		Skilavakt Kot/Ból			

Útivist

Við leggjum mikla áherslu á útivist. Börnin fara út að minnsta kosti tvisvar sinnum á dag ef aðstæður leyfa. Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir þar sem öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Leiksvæðið í Seljakoti býður upp á margskonar möguleika fyrir börnin í leik vegna fjölbreytileika í umhverfi þess. Fjölbreyttur efniviður er á lóðinni, s.s. mold, sandur, mól, steinar, brekkur og flatir.

Matmálstímar

Matmálstíminn á að vera ánægjuleg og róleg stund, við styrkjum góða borðsiði og eflum sjálfsbjargarviðleitni barnanna. Mat skal bera snyrtilega fram, en hann á að vera hollur og næringarríkur. Áhersla er lögð á að börnin noti hnífapör, skammti sér og smyrji sjálf og taki tillit hver til annars við matarborðið.

Hvíld

Eftir hádegismat fara börnin í hvíld í hálf klukkustund. Yngstu börnunum gefst kostur á að sofa en eldri börnin liggja og hlusta á sögu eða tónlist. Tilgangurinn er að börnin nái slökun og hvíld í amstri dagsins.

Samverustund

Í samverustundum er börnunum jafnan skipt upp í aldursskipta hópa. Í samverustundum er lesið og sungið. Þar gefst einnig tækifæri til að spjalla saman, börnin koma fram og segja frá upplifun sinni og reynslu.

Ferðabangsi MYND AF BANGSA

Hver deild á sinn bangsa og hafa gefið honum nafn. Bangsinn í Seli heitir Róbert, bangsinn í Koti heitir Bangsímon og bangsinn í Bóli heitir Lúlli. Alla virka daga nema föstudaga fara börnin heim með bangsann, en um helgar gistir hann í leikskólanum.

Bangsi fylgir börnunum heim og lendir því alltaf í nýjum og nýjum ævintýrum. Í töskunni hjá bangsa er teppi svo honum verði ekki kalt og dagbók þar sem hann skráir niður það sem hann upplifði í heimsókninni. Barnið, mamma og pabbi hjálpa honum að skrifa niður það sem hann upplifði og þótti skemmtilegt. Í samverustund næsta dag er lesið upp úr dagbókinni fyrir öll hin börnin á deildinni. Þetta glæðir hversdagsleikann lífi og skapar umræður um það sem börnin gera heima.

Hreinlætisvenjur

Almennt hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Handþvottur er mjög mikilvægur og þá sérstaklega fyrir matmálstíma og eftir salernisferðir. Starfsfólk aðstoðar börnin eftir þörfum og er tilgangurinn að gera börnin sjálfbjarga hvað þetta varðar.

Fataherbergið

Í fataherberginu fer fram mikilvægt uppeldisstarf. Börnunum er kennt að klæða sig í og úr, við það þjálfast fín- og grófhreyfingar þeirra. Þau læra að ganga frá fatnaði í hólfin sín og einnig að taka tillit hver til annars sem eflir jákvæð samskipti. Á Íslandi er allra veðra von og við dugleg að vera úti. Því er mikilvægt að viðeigandi klæðnaður og aukaföt fylgi ávallt með barninu.

Umhengni og frágangur

Börnunum er kennt að ganga vel um. Þau læra að ganga frá eftir sig í leik og starfi og venja sig á að hafa snyrtilegt í kringum sig.

Heiltæk skólustefna

Markmiðið með heiltækri skólustefnu er að taka mið af þörfum og þroska hvers einstaklings. Öll börn þurfa að fást við viðfangsefni við sitt hæfi, þau læra á mismunandi hátt og þroskast mishratt.

Öll börn læra best í leik og starfi með öðrum börnum. Þess vegna er lögð áhersla á að vinna með barnið í barnahópnum, sérkennslunni er sinnt í minni eða stærri hópum og í öllu daglegu starfi leikskólans. Í einstaka tilfellum þarf að taka barnið út úr barnahópnum til að þjálfa ákveðna færni (þar sem það fær sérhæfða kennslu og þjálfun).

Áhersluþættir:

- Allir starfsmenn leikskólans eru meðvitaðir um sérþarfir einstaklingsins og þátttakendur í þjálfun þess
- Leiðsögn og stuðningur tekur mið af þörfum hvers barns og er í nánú samráði við forráðamenn
- Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslunni, hann vinnur einstaklingsáætlun fyrir barn með sérþarfir í samvinnu við deildarstjóra og forráðamenn
- Samvinna við skóla- og sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvarinnar í Mjódd og aðra sérfræðinga

Börn af erlendum uppruna

Í Seljakoti er tekið tillit til barna frá öðrum menningarsvæðum. Oft er leikskólagangan fyrsta reynsla barns, af erlendum uppruna, af íslensku samfélagi og íslensku máli. Það er hlutverk leikskólans að hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum til að vera virkir þátttakendur í hinu nýja samfélagi án þess að þau glati tengslum við eigin menningu, tungu og trú.

Áhersluþættir:

- Unnið er samkvæmt móttökuáætlun Menntasviðs Reykjavíkur
- Nota túlkabjónustu þegar þess gerist þörf
- Allir starfsmenn kynnist fortíð og menningu barnsins
- Gagnkvæm virðing og þekking á því hvað við erum mismunandi
- Að barnið fái tækifæri á að vera það sjálft á eigin forsendum

Foreldrasamstarf

Í Seljakoti er lögð áhersla á gott samstarf við foreldra. Það er mikilvægt að trúnaður ríki á milli starfsfólks og foreldra. Lögð er áhersla á afslappað og jákvætt viðmót við foreldra í gegnum dagleg samskipti og virða óskir þeirra og þarfir. Barnið finnur til öryggis ef það er gott samstarf á milli foreldra og leikskóla.

Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót og stuðningur við uppeldi þeirra.

Áhersluþættir með foreldrasamstarfi er að:

- Veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- Veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- Afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- Stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- Rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- Skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna

Aðlögun

Þegar barn byrjar í leikskóla þarf það að fá góðan tíma til að kynnast leikskólanum, starfsfólki og börnunum.

Aðlögunartíminn er mislangur, 1-3 vikur. Fyrstu dagana er a.m.k. annað foreldri með barninu. Þessi tími er ekki síður mikilvægur fyrir foreldrana því þeir kynnast starfsfólkinu og starfinu í leikskólanum.

Á aðlögunartímanum er lagður hornsteinn að öryggi og vellíðan barnsins og samstarfi, heimilis og skóla. Til að það takist sem best höfum við skipulagt aðlögunarferli.

Myndaalbúm

Við teljum myndaalbúm geta auðveldað börnum aðlögunina og dvölinna í leikskólanum. Það er gott og ánægjulegt að hafa nokkrar myndir af sínum nánustu í myndaalbúmi. Börnin geta náð í albúmið og skoðað það ef þau þurfa á nálægð að halda. Í starfinu með börnunum leggjum við áherslu á barnið sjálft og nánasta umhverfi og þá er skemmtilegt að börnin geti sýnt hvert öðru myndir og tengt þannig saman lífið heima og í leikskólanum.

Foreldraviðtöl

Við upphaf leikskólavalar eru forráðamenn boðaðir í viðtal, þar sem gagnkvæm miðlun upplýsinga á sér stað, s.s. um hagi og þroska barns og starf leikskólans.

Einu sinni á ári eru skipulögð foreldraviðtöl og er þá farið yfir stöðu og framfarir barnanna.

Foreldrar geta óskað eftir viðtölum eftir þörfum og eins geta deildarstjórar boðað forráðamenn í viðtal ef þurfa þykir.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í Seljakoti. Fimm foreldrar sitja í stjórn félagsins og einn leikskólakennari situr sem fulltrúi leikskólans í stjórninni. Stjórnin hittist nokkrum sinnum yfir veturinn. Foreldrar greiða í foreldrafélagið sem stendur fyrir og kostar ýmsa menningarviðburði sem börnin taka þátt í.

Foreldrafundir

Haldinn er foreldrafundur að vori fyrir foreldra nýrra barna. Tilgangur fundarins er að kynna helstu áherslupætti í uppeldisstarfi Seljakots.

Að hausti er haldinn foreldrafundur þar sem vetrarstarfið er kynnt og tækifæri gefst til umræðna. Fundirnir eru mikilvægur þáttur í samstarfi foreldra og leikskóla.

Dagleg samskipti

Foreldrar eru ávallt velkomnir í Seljakot til að fylgjast með því sem fram fer. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla, en á því byggir m.a. gott leikskólauppeldi.

Lögð er áhersla á að vel sé tekið á móti börnunum þegar þau mæta í leikskólann. Það hefur áhrif á líðan barnsins allan daginn. Á sama hátt er hvert barn kvatt þegar það er að búast til heimferðar.

Mikilvægt er að foreldrar láti leikskólakennara barns vita ef breytingar verða á högum þess og fjölskyldulífi. Allir starfsmenn í Seljakoti eru bundnir trúnaði og skrifa undir þagnareid við upphaf ráðningu.

Fréttabréf

Fréttabréf kemur til foreldra um það bil þrisvar á ári, en þess á milli skrifum við upplýsingar til foreldra á töflu við deildirnar eða sendum einblöðung heim með börnunum.

Samstarf starfsfólk

Í Seljakoti vinna átján starfsmenn í um. fimmtán stöðugildum. Inn í stöðugildunum er öll afleysing, t.d. vegna veikinda og undirbúningstíma og einnig vegna sérkennslu.

Gott leikskólastarf næst með metnaði og ánægðu starfsfólki. Við leggjum áherslu á að starfsmannahópurinn nái vel saman og sé sammála um leiðir að markmiðum í starfi sínu með börnunum. Að starfsmenn vinni sem hópur og að einstaklingarnir veiti hver öðrum stuðning og hvatningu í starfi. Starfsfólk Seljakots hefur gert með sér starfssáttmála, en þar koma fram atriði sem mikilvægt er að séu til staðar hjá starfsmannahópnum.

Starfsmannafundir eru átta á árinu, annan þriðjudag í mánuði. Starfsmannafundir eru haldnir utan vinnutíma og allt starfsfólk situr fundina. Á þessum fundum eru rædd fagleg málefni, starfsáætlanir, markmið og leiðir, samstarf, skipulag og hagnýt mál eða allt sem viðkemur námskrá leikskólans. Gert er ráð fyrir að fundirnir standi tvo tíma í senn.

Deildarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði, tvo tíma í senn. Þar eru málefni rædd er varða deildarstarfið, samstarf og vinnu með börnunum.

Deildarstjórafundir eru haldnir einu sinni í mánuði, tvo tíma í senn. Á fundunum fer fram samræming á uppeldisstarfinu. Skipst er á upplýsingum og ákvarðanir teknar varðandi uppeldisstarfið. Mikilvægt er að deildarstjórar miðli upplýsingum af þessum fundum inn á sínar deildir. Deildarstjórafundir fara einnig fram á hverjum morgni. Þeir fundir eru mjög stuttir, en tilgangurinn með þeim er að fara yfir stöðu dagsins, t.d. starfsmannahald.

Samráðsfundir aðstoðarleiksskólastjóra og leiksskólastjóra eru haldnir einu sinni í viku, fimm tíma í senn. Á þessum fundum eru málefni rædd sem ekki er talið nauðsynlegt til að ræða í stóra hópnum, þ.e. málefni er snúa að stjórnun leiksskólans, s.s. starfsmannamál, námskráargerð o.fl. Einnig skipta leiksskólastjóri og aðstoðarskólastjóri með sér ýmsum verkþáttum.

Starfsviðtöl fara fram í febrúar og mars. Í starfsviðtölum fá allir starfsmenn tækifæri til að tjá skoðanir, óskir og væntingar til starfsins og leiðir til starfsþróunar. Starfsfólkið sækir fjölmörg námskeið og fyrirlestra í tengslum við sína símenntunaráætlun.

Námskeiðs-og skipulagsdagur

Starfsfólk leikskóla Reykjavíkur fær tvo daga á ári til að skipuleggja og meta leikskólaárið og einn námskeiðsdag. Þessir dagar koma fram í ársáætlun leiksskólans og eru einnig auglýstir með góðum fyrirvara. Þessa daga er leikskólinn lokaður.

Tengsl við aðrar stofnanir

Samstarf leikskólanna í Seljahverfi

Formlegt samstarf er á milli leikskólanna í hverfinu. Ýmsar nefndir eru að störfum sem koma að undirbúningi á árvissum viðburðum, s.s. kirkjuferð, opnu húsi, þjóðhátíð o.fl.

Áhersluþættir

- Að nýta þann mannauð sem starfsmannahópurinn býr yfir og auðga þannig uppeldisstarfið fyrir alla sem tengjast leikskólanum, þ.e. börn, starfsfólk og foreldra.
- Að samræma ákveðna þætti starfsins og hugtök.

- Að standa sameiginlega að samstarfi við grunnskólana í hverfinu.

Samstarf við grunnskólana í Seljahverfi

Leikskólarnir hafa formlegt samstarf við grunnskólana í hverfinu. Markmið þess er að skapa sem besta samfellu milli skólastigana.

Árið 1998 fór af stað þróunarverkefni meðal leik- og grunnskóla í hverfinu sem ber heitið „Sameiginleg sýn tveggja skólastiga“.

Áhersluþættir:

- Að kennarar skólastigana tveggja öðlist sameiginlega sýn á þroska og færni barns við lok leikskólans og byrjun grunnskólans
- Að brúa bilið betur á milli þessara tveggja skólastiga

Kennarar beggja skólastiga hafa útbúið heftið *Gengið yfir brúna* þar sem tekið er mið af nokkrum þroskaþáttum barnsins. Heftið á að stuðla að því að betur sé hægt að koma til móts við barnið á þess eigin forsendum og byggja þar ofan á. Heftið fylgir eingöngu þeim börnum sem fara í grunnskólana í hverfinu.

Heimsóknir elstu barna í grunnskólann

Börnin sem hefja grunnskólagöngu næstkomandi haust koma til með að heimsækja sinn skóla. Í fyrstu heimsókn tekur skólastjóri á móti þeim og sýnir þeim skólann. Í annarri heimsókn koma þau til með að kynnst skólstarfinu, þau fara með nesti og sitja í tímum með 1. bekk. Í lok maí fara þau síðan í þriðju og síðustu heimsóknina, í þeirri heimsókn koma þau til með að hitta tilvonandi bekkjarfélagi og kennara. Barnið fær sent bréf frá grunnskólanum með nánari upplýsingum og dagsetningu og fylgja foreldrar barninu í þessa heimsókn.

Samstarf við Seljakirkju

Bolli Pétur Bollason prestur í Seljakirkju heimsækir leikskólann einu sinni í mánuði. Hann er með samveru í leikskólanum. Kirkjan kemur inn á þeim forsendum að stærsti hluti barnanna er skírður til kristinnar trúar. Heimsóknir kirkjunnar til leikskólans byggjast á miklum söng, sögum og fræðslu.

Matsaðferðir

Sjálfsmat

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan sem utan leikskólans.

Í Seljakoti fer fram mat í formi umræðna, á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum leikskólans. Þar er rætt um starfið í heild og einstaka þætti þess. Einnig er notast við spurningarlista sem unnir eru af leikskólastjóra og deildarstjórum þar sem starfið er skoðað út frá markmiðum leikskólans og Aðalnámskrá Leikskóla

Ecerskvarði

Ecerskvarði er kvarði til að meta í heild umhverfi leikskólans og störf starfsmanna. Einnig er hægt að nota kvarðann til að meta einstaka þætti starfsins. Þeir þættir sem metnir eru með kvarðanum eru rými og búnaður, umönnun og daglegt líf, mál og hugtakanám, leikur og viðfangsefni, samskipti og skipulag og starfsmenn og foreldrasamstarf.

Proskamat

Fylgst er með þroska og framförum hvers barns. Heftið *Foreldraviðtöl og einstaklingsáætlanir* eftir Hrafnhildi Gísladóttur og Jónínu Konráðsdóttur er notað til þess. Foreldraviðtalsblaðið sem er í heftinu getur hjálpað starfsfólki og foreldrum til að fá heildarsýn yfir þroska barnsins.

Skráning

Í starfstímum hópa fer fram skráning. Hópstjóri skráir niður það sem fram fer, s.s. samtöl, ljóð, sögur o.fl. Mikilvægur þáttur skráningarinnar er að taka ljósmyndir í starfi með börnunum. Skráningin gerir vinnu og heim barnsins sýnilegan fyrir því sjálfu, foreldrum og starfsfólki. Einnig er haldið til haga allri vinnu barnsins yfir veturinn.

Ytra mat

Menntamálaráðuneytið lætur, samkvæmt lögum um leikskóla, fara fram skipulagt ytra mat á a.m.k. á einum leikskóla einu sinni á ári. Matið er ætlað að tryggja að starfsemi

leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla. Matsaðili skilar niðurstöðum í skýrslu þar sem lýst er séreinkennum skólans, styrk hans og veikleika og leggur fram tillögur og ábendingar um breytingar. Um það bil annað hvert ár er framkvæmd foreldra- og starfsmannakönnun í leikskólum borgarinnar, á vegum Menntasviðs Reykjavíkur. Niðurstöður úr mati ættu alltaf að leiða til aukinnar þekkingar og þróunar í leikskólastarfi.

Ýmsar ábendingar til foreldra

Veikindi og lyfjagjöf

Ef börnin eru veik eða með smitsjúkdóm ber að hafa þau heima. Vinsamlega tilkynnið forföll, mæti barn ekki í leikskólann

Ef um lyfjagjafir er að ræða ber að haga þeim þannig að lyfin séu gefin heima en ekki í leikskólanum.

Dvalarsamningur

Áður en barn byrjar í leikskóla er skrifað undir dvalarsamning sem er mjög mikilvægt að virða, m.a. vegna skipulagningar á öllu innra starfi leikskólans og starfsmannahaldi. Það er boðið uppá allt frá 4 tímum upp í 9 tíma leikskóladvöl. Hjá leikskólastjóranum er hægt að sækja um breytingu á dvalartíma. Mikilvægt er að segja upp með mánaðar fyrirvara og allar breytingar taka gildi um mánaðarmót

Bílar í lausagangi

Við viljum benda á að mengun getur haft slæm áhrif á heilsu okkar og sérstaklega þá sem eru með bronkítis-, asma- eða lungnasjúkdóma. Það er því mikilvægt fyrir börnin ykkar að bílar séu ekki skildir eftir í lausagangi á meðan hlaupið er inn með börnin eða þau sótt í leikskólann.

Klæðnaður

Mikilvægt er að börnin hafi með sér aukaföt í leikskólann og fatnað til útvistar. Gott er að merkja fatnað barnanna. Fatahólf barnanna eru tæmd á föstudögum.

Að koma og fara

Miðað er við að einstaklingur sem kemur með eða sækir barn í leikskólann sé sjálfur orðinn tólf ára. Allir foreldrar skrifa undir eyðublað með upplýsingum um það hverjir það eru sem mega sækja barnið í leikskólann.

Mikilvægt er að tilkynna komu og brottför barnsins.

Að gefnu tilefni viljum við minna á nokkrar reglur sem við teljum mikilvægt að foreldrar og börn virði.

- Að börnin komi ekki með leikföng með sér að heiman í leikskólann.
- Að virða umsaminn dvalarsamning, leikskólinn opnar kl. 7.30 og lokar kl. 17.30.
- Að foreldrar athugi reglulega hvort börnin þeirra eigi föt/annað í óskilamunum.